




BREYTING Á DEILISKIPULAGI „SUÐURHLÍÐA“ VEGNA KLETTASKÓLA SUÐURHLÍÐ 9



GILDANDI DEILISKIPULAG „SUÐURHLÍÐA“ SAMÞYKKT Í BORGARRÁÐI 10.02.87 MKV. 1 : 1.000



NÚVERANDI ÁSTAND LÓÐAR OG GATNA SETT INN Í GILDANDI DEILISKIPULAG SAMKV. LANDUPPLÝSINGAKERFI REYKJAVÍKUR (LUKR) MKV. 1 : 1.000



TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGU MKV. 1 : 1.000



ADALSKIPULAG Hluti úr aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 Mkv. 1 : 20.000

SKÝRINGAR:

- MÖRK DEILISKIPULAGSBREYTINGAR
- LÓÐARMÖRK
- GIRDING
- KVÖÐ UM HITAVEITULÖGN (skv. mæliblaði, skr. 1990)
- BYGGINGARREITUR
- NÚVERANDI BYGGING
- GÖTUR
- LEIKSVÆÐI OG STÍGAR
- GRÓÐ SVÆÐI / TRJÁGRÓÐUR
- BÍLASTÆÐI
- HÚSHLUTAR SEM HEIMILT ER AÐ FJARLÆGJA

GREINARGERÐ

Í gildi er deiliskipulag, Suðurhlíðar, samþykkt í borgarráði þann 10. febrúar 1987. Tillaga að deiliskipulagsbreytingu tekur til lóðarinnar nr. 9 við Suðurhlíð, sem er lóð Klettaskóla. Breytingin felst í því að byggingarreit er breytt, byggingarmagn er aukði og fyrirkomulagi á lóð breytt. Einnig er staðsett boltagerði á lóðinni.

Klettaskóli, áður Öskjuhlíðarskóli, er sérskóli á grunnskólastigi. Hann er byggður í tveimur áföngum, árin 1974 og 1985. Samkvæmt samþykktum aðaltekningum frá 1983 var fyrirhugað að byggja þriðja áfanga með hátíðarsal, íþróttasal, og sundlaug inni og úti ásamt stöðrymum, norðvestan við núverandi hús.

Samkvæmt ákvörðun borgarráðs frá 9. febrúar 2012, er nú fyrirhugað að fullgera skólann, samhliða gagngerum endurbótum á núverandi húsi og lóð. Frá því að gildandi deiliskipulag var samþykkt hafa kröfur um húsrými aukist, ekki síst vegna aukinnar áherslu á aðgengi og þjónustu við fatlaða nemendur skólans. Þetta gerir að verkom að hluti þeirrar starfsemi sem nú er í skólanum þarf að flýttast í viðbyggingu, það er stjórnun og félagsaðstaða unglinga. Áfram er svo gert ráð fyrir hátíðar- og matsal, íþróttasal og sundlaug í viðbyggingu. Gert er ráð fyrir stærri íþróttasal en áður og tveimur kennslusundlaugum, báðum innandyra.

Markmið deiliskipulagsbreytingarinnar eru: 1) Að fullnægja þörfum Klettaskóla um húsnæði sem hæfir starfsemi. 2) Að byggingarnar fari vel á lóðinni og hafi milda ásynd gagnvart aðliggjandi íbúðabyggð.

Markmið um þarfir skólans næst best með því að byggja viðbyggingu að mestu norðvestan við núverandi hús, eins og ráðgert var í upphafi. Þannig verða umferðarleiðir stystar, innra skipulag hagkvæmt, og byggingarmagn eins lítið og mögulegt er.

Til að ná markmiðinu um milda ásynd gagnvart aðliggjandi byggð, er gert ráð fyrir að fella hluta viðbyggingar inn í landið og þekja með torfi, þannig að breytingin verði sem minnst áberandi. Íþróttasalurinn er niðurgrafinn til hálfis, þannig að sá hluti hans sem stendur upp úr á norðurhorni lóðarinnar samsvarar aðeins um einni húshæð.

Gert er ráð fyrir lítilli háttar viðbyggingum meðfram útvegg núverandi húss, sér í lagi vegna stækkunar anddyris í elsta hluta skólans. Gert er ráð fyrir sorpgeymslu suðvestan núverandi húss (bygg.reitur G).

Leiksvæði á lóð verður endurgert, með það fyrir augum að það henti fötluðum nemendum vel. Leiksvæðið verður aldurskipt með láréttum flötum í mismunandi hæð með góðum tengingum á milli.

Bílastæði á lóð verða við aðalinnangang, almenn stæði ásamt stæðum fyrir smárútur og fyrir hreyfihamlaða. Skv. samningi við Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma til 10 ára verða 20 stæði á lóð kirkjugarðanna samnýtt með skólanum. Til vara er gert ráð fyrir 16 stæðum norðan við viðbyggingu, sem verða ekki gerð nema nauðsyn krefji.

SKILMÁLAR

Innan byggingarreits er heimilt að byggja fræðslustofnun/skóla. Heimilt hámarksbyggingarmagn er 7.000 m². Oeinangraðir byggingarhlutar svo sem þakbrúnir og stoðveggir mega ná út fyrir byggingarreit. Loftræsimannvirki og þakgluggar mega ná upp fyrir tilgreinda hámarkshæð þakflata. Byggingarreitur skiptist í svæði skv. meðfylgjandi töflu. Hámarkshæðir reita A, B, C, D, E og F reiknast frá frágengnu gólfi 1. hæðar núverandi húss, K=41,38.

Fyrirkomulag leiksvæða og bílastæða sem sýnt er á uppdrætti er ekki bindandi.

Boltagerði (byggingarreitur H): Stærð boltagerðis er 13 x 23 m. Mörkin eru 3 m á breidd og 2 m á hæð. Girðing er umhverfis völlinn og aðkoma um op á langhlíð. Girðingin er í um 1m hæð á langhlíðum en hæst um 3m fyrir miðjum velli við mörkin. Sjá skýringaruppdrátt. Völlurinn verður upplýstur inn á við með fjórum, allt að 8m háum ljósausturum. Lýsing er skermuð af, beint inn á grasvöllinn og tímastýrð. Huga skal að því að frágangur og útlit vallarins taki mið af aðstæðum og falli vel að mannvirkjum á lóð.


REITUR	HÆÐIR	HÁMARKSHÆÐ PAKFLATA
A	1	5,0 m
B	1-2	7,5 m
C	1-2	8,0 m
D	1-2	9,0 m
E	1	4,0 m
F	1	4,0 m
G	1	2,5 m

FJÖLDI BÍLASTÆÐA	NÚVERANDI	GILDANDI SKIPULAG	BREYTT SKIPULAG
ALMENN	52	48	22
F. FATLADA	1	-	3
F. SMÁRÚTUR	8	-	6
SAMNÝTT M. KIRKJUG.*	-	-	20


*Skv. samningi við Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma til 10 ára.

STÆRDIR	NÚVERANDI*	GILDANDI SKIPULAG	BREYTT SKIPULAG	AUKNING
BYGGINGARMAGN	3.207 m ²	4.993 m ² **	7.000 m ²	2.007 m ²
LÓÐARSTÆRÐ	17.223 m ²	17.223 m ²	17.223 m ²	0 m ²
NÝTINGARHLUTFALL	0,19	0,29	0,41	0,12

*Skv. Fasteignaskrá
**Skv. mæliblaði



Skilmálasnið a-a



Skilmálasnið b-b

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1 mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði þann 30. okt. 2013 og í Borgarráði þann 7. nóv. 2013.

Tillagan var auglýst frá 2. ág. 2013 með athugasemdafresti til 13. sept. 2013

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 20.

Eginn Helman

KLETTASKÓLI

BREYTING Á DEILISKIPULAGI „SUÐURHLÍÐA“ V. KLETTASKÓLA SUÐURHLÍÐ 9 | DAGS. 04.07.13



Ormar Þór Guðmússon · Garðar Guðnason · Sigurður Guðafsson
Skúlatún 2 IS-105 Reykjavík Sími 562 6833 Fax 562 6835
arkitektastofan@arkitektastofan.is www.arkitektastofan.is